



## Minnisblað til hreppsnefndar Kjósarhrepps

<b>Efni:</b>	Snjómokstur í frístundabyggðum
<b>Dags:</b>	16. febrúar 2021
<b>Málsnúmer:</b>	2101010
<b>Málsmeðferð:</b>	Til ákvörðunartöku
<b>Starfsmaður:</b>	Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, formaður samgöngu- og fjarskiptanefndar.

---

### Núverandi fyrirkomulag.

Sveitarfélagið Kjósarhreppur hefur ekki verið með snjómokstur í frístundabyggð enda fellur það ekki undir verkefni sveitarfélagsins að veita slíka þjónustu. Frístundabyggðir eru einkalönd bænda og er á ábyrgð þeirra eða sumarhúsafélaga að viðhalda vegum og snjómokstri.

Hreppsnefnd samþykkti að fela samgöngu - og fjarskiptanefnd að skoða mögulega aðkomu hreppsins að snjómokstri í frístundabyggðum Kjósarhrepps.

### Reynsla:

Engin reynsla er á snjómokstri í frístundabyggðum í sveitarfélaginu enda er það á ábyrgð landeiganda eða félaga frístundabyggða að sjá um snjómokstur á sínu landi.

### Leiðir:

1. Sveitarfélagið ryður aðalveg í frístundabyggðunum þegar þörf er á.
2. Sumarhúsafélagið kallar eftir snjómokstri þegar það er þörf.
3. Sumarhúsafélögin fá ákveðin styrk á ári til ráðstöfunar og er það á ábyrgð félaganna að dreifa þeim styrk yfir árið, skila þarf inn gildri kvittun fyrir verkinu til að fá greiddan styrkinn.

### Ókostir:

1. Mikil yfirferð er fyrir verktaka sveitarfélagsins að fara yfir allar frístundabyggðir til að kanna ástand færðar.
2. Sé eftirlit á höndum sumarhúsafélaga er hætta á að mat á mokstri fari úr böndunum, þörf á mokstri er huglægt mat hvers einstaklings/félags.
3. Frístundabyggðir eru staðsettar á misjöfnum svæðum hvað varðar snjóþyngsli og gæti sum svæði þurfa tíðari mokstur en önnur.

### Tillaga:

Nefndin leggur til að ef hreppsnefnd vill láta fé í þennan málalið, verði sá stuðningur í formi styrks til sumarhúsafélaga en ekki bein þjónusta og félögin bera ábyrgð á þjónustunni. Nefndin telur einnig að mikilvægt að móta eigi reglur í kringum slíkan styrk.